

AÐALFUNDUR

MARKAÐSSTOFU KÓPAVOGS ses.

Dagsetning: 19.10.23

Tímasetning: 17:30

Staðsetning: Hlíðasmári 10, 201 Kópavogi

Mættir eru: Kristín Amy Dyer, Friðrik Ómarsson, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson og Sveinn Gíslason.

Fundaskrá

1. Kosning fundarstjóra og ritara: Samþykkt var einróma á meðal stjórnarmanna að Kristín Amy Dyer yrði kosinn fundarstjóri og Kristján Ingi Gunnarsson kosinn ritari.

2. Skýrsla stjórnar: Skýrslan var lögð fram og samþykkt. Stjórn undirritaði ársreikning sem verður sendur inn til samþykktar hjá RSK eftir að Ásgeir H. Guðmundsson og Katrín Helga Reynisdóttir úr stjórn undirrita.

3. Ný stjórn kosin: Kristján Ingi Gunnarsson mun ekki sitja áfram í stjórn fyrir hönd Kópavogsbæjar og tilkynnti það. Tilkynnt var einnig að Friðrik Ómarsson og Katrín Helga Reynisdóttir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu hjá Markaðsstofu Kópavogs fyrir hönd fulltrúa úr atvinnulífinu.

Ásgeir H. Guðmundsson er því sjálfkjörinn í stjórn þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér fyrir hönd fulltrúa úr atvinnulífinu. Formaður stakk upp á að stjórnarmenn fyrir hönd fulltrúa úr atvinnulífinu yrðu einum færri þetta tímabil þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér úr atvinnulífinu. Stjórnarmenn samþykktu það einróma.

Ný stjórn var því kosin og samþykkt á aðalfundi 19. október 2023 og er hún svohljóðandi:

Stjórnarformaður: Kristín Amy Dyer

Meðstjórnandi: Ólafur Björnsson

Meðstjórnandi: Sveinn Gíslason

Meðstjórnandi: Ásgeir H. Guðmundsson.

4. Önnur mál:

- Formaður leggur til að fundinn verði nýr endurskoðandi og ekki verði áfram unnið með Deloitte sökum kostnaðar. Stjórnarmenn samþykktu einróma.
- Kristján Ingi upplýsti stjórn um stöðu mála í setrinu en unnið hefur verið hörðum höndum við að koma rýminu í gott stand.
 - Ný húsgögn voru fengin frá fyrirtækjum sem hafa verið að flytja höfuðstöðvar sínar. Húsgögn á borð við skilrúm, skrifborð og tölvuskjái.
 - Farið var í auglýsingar á samfélagsmiðlum til að kynna aðstöðuna og leigumöguleika.
 - Skrifstofa sem var auglýst til leigu fór strax í útleigu eftir að sagt var upp samningi við fyrrum

leigjendur sem höfðu ekki greitt leigu í tæplega 6 mánuði.

- Um 10 aðilar hafa komið að skoða aðstöðuna eftir að auglýsingar og kynningarstarf fór í gang.

- 2 básar hafa verið leigðir út og fyrirspurnum um leigu fjölgað mikið, gert er ráð fyrir að það haldi áfram með auknu kynningarstarfi.

- Formaður upplýsti stjórnarmenn um neikvæða fjárhagsstöðu setursins sem kom í ljós eftir að framkvæmdarstjóri lét af störfum. Útistandandi kröfur vegna opinberra gjalda náðu aftur til apríl 2023 og námu tæplega 1 m.kr. Stjórn lýsti furðu yfir að hafa ekki fengið betri upplýsingar fyrr frá fráfarandi framkvæmdastjóri varðandi stöðu mála. Formanni var falið að klára að greiða þessar kröfur til Ríkisskattstjóra samstundis og semja við fyrirtæki um aðrar kröfur sem ekki flokkast undir opinber gjöld. Stjórn óskar einnig eftir því að formaður og Kristján Ingi taki saman uppfærða áætlun á tekjum og skuldum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:23